

Reykjavík, 18. júní 2021
Fundargerð 228. fundar

Tilvísun: 2101002

Föstudaginn 18. júní var haldinn 228. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Garðabæjar, Sveinatungu, á Garðatorgi og hófst kl. 09:25.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri, og Ásdís Gíslason, upplýsingafulltrúi.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

1. 3ja mánaða uppgjör 2021

Árshlutareikningur SHS samstæðu fyrir tímabilið janúar – mars 2021 kynntur.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutauppgjör SHS janúar – mars 2021, dags. 18. júní 2021.

Afgreiðsla: 3ja mánaða uppgjör SHS 2021 samþykkt án athugasemda.

2. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli S-6353/2020

Farið yfir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli gegn eiganda starfsmannaleigu vegna óleyfisbúsetu í iðnaðarhúsnæði og ófullnægjandi brunavarna.

Eftirfarandi lagt fram:

- Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, S-6353/2020, dags. 9. júní 2021.
- Minnisblað lögfræðings SHS vegna S-6353/2020, dags. 16. júní 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Kortlagning á óleyfisbúsetu

Sagt frá verkefnum nýskipaðs stýrihóps um kortlagningu á óleyfisbúsetu á höfuðborgarsvæðinu og í stærri byggðakjörnum landsins.

Eftirfarandi lagt fram:

- Erindisbréf frá forstjóra HMS – stýrihópur um kortlagningu á óleyfisbúsetu, dags. 19. maí 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

4. HMS vegna endurskoðunarákvæðis brunavarnaáætlunar

Farið yfir niðurstöður endurskoðunar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á mönnun forvarna- og aðgerðasviða SHS m.t.t. uppfyllingar laga, reglugerða og leiðbeininga sem um starfsemina gilda í samræmi við ákvæði í brunavarnaáætlun þar að lútandi.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf frá HMS um endurskoðun brunavarnaáætlunar SHS, dags. 21. maí 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Drög að aðgerðaáætlun fyrir bráðabjónustu og sjúkraflutninga til ársins 2025

Drög að aðgerðaáætlun heilbrigðisráðuneytisins fyrir bráðabjónustu og sjúkraflutninga til ársins 2025 kynnt.

Eftirfarandi lagt fram:

- Stefna í bráðabjónustu og sjúkraflutningum til ársins 2030, dags. janúar 2021.
- Aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðabjónustu – drög – til ársins 2025, dags. apríl 2021.
- Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðabjónustu – drög – til ársins 2025, dags. 20. maí 2021.
- Sameiginleg umsögn átta slökkviliða sem sinna sjúkraflutningum um aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðabjónustu – drög – til ársins 2025, dags. 21. maí 2021.
- Skýrsla heilbrigðisráðherra – fimm ára aðgerðaáætlun heilbrigðisstefnu 2022–2026, 151. löggjafarþing 2020 2021.
- Heilbrigðisstefna, stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030, dagsett í júlí 2019.

Afgreiðsla: Kynning.

Ásgerður yfirgaf fundinn kl. 09.35.

6. Samningaviðræður vegna sjúkraflutninga

Gerð grein fyrir stöðu samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga. Óskað hefur verið eftir því að samningurinn, sem rennur út í lok júnímánaðar, verði framlengdur út árið 2021.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að samningur verði framlengdur út árið. Það er háð því að kostnaðarmat fari fram á áhrifum styttingar vinnuvikunnar og kostnaðaraukinn vegna þess fái að fullu bættur afturvirktilt 1. maí 2021.

7. Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks

Heilbrigðisráðherra ákvað í apríl 2020 að verja einum milljarði í sérstakar álagsgreiðslur fyrir heilbrigðisstarfsfólk. SHS áréttaði í bréfi í sama mánuði að sjúkraflutningum væri sinnt af heilbrigðisstarfsfólki hjá SHS og það væri eðlilegt að þessar greiðslur ættu einnig við þá sem sinna sjúkraflutningum enda þeir á forræði ríkisins í verktöku hjá SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf til SÍ – Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks, dags. 27. apríl 2020.
- Bréf SÓJ til stjórnar – Fyrirspurn um afgreiðslu tillögu um umbun til starfsfólks SHS vegna COVID-19, dags. 9. mars 2021.

Afgreiðsla: Ítrekun á fyrra erindi um álagsgreiðslur til sjúkraflutningafólks SHS verði send heilbrigðisráðherra.

8. Vatnsskjólur fyrir þýrlur Landhelgisgæslunnar

Formaður stjórnar óskaði eftir því í bréfi til dómsmálaráðherra í kjölfar gróðurelda í Heiðmörk í byrjun maí að ráðuneytið og Landhelgisgæslan hefðu forystu um kaup á vatnsskjólum fyrir þýrlur gæslunnar til þess að bregðast við aukinni hættu á gróðureldum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Vatnsskjólur fyrir þýrlur Landhelgisgæslunnar, dags. 7. maí 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

9. Skráning fundargerða framkvæmdaráðs AHS

Tillaga að breyttu fyrirkomulagi skráningar fundargerða þeirra stjórnarfunda sem jafnframt eða eingöngu fjalla um málefni sem heyra undir stjórn í hlutverki framkvæmdaráðs almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS – Fundargerðir framkvæmdaráðs AHS, dags. 28. maí 2021.

Afgreiðsla: Tillaga samþykkt.

10. Undirbúningur vegna kaupa á körfu-/stigabílum

Gerð grein fyrir undirbúningi fyrir kaup á tveimur körfu- og/eða stigabílum.

Afgreiðsla: Kynning.

11. Viðhorfskönnun Gallup

Farið yfir nýlega viðhorfskönnun Gallup til SHS (þjóðarpúls) sem sýnir að almenningur ber mikið traust til starfseminnar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Traust til stofnana og embætta 2021 – Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., ódags.

Afgreiðsla: Kynning.

12. Önnur mál

12.1. Lóð fyrir nýja slökkvistöð.

Gerð grein fyrir skoðun á lóðum fyrir nýja slökkvistöð. Framundan er rýni á skoðun á viðbragðstíma og verða niðurstöður sendar stjórn.

Fundi slitið klukkan 10:00.

Næsti fundur verður tilkynntur sérstaklega.

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

SHS:

- Ársshlutauppgjör SHS janúar – mars 2021, dags. 18. júní 2021.
- Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, S-6353/2020, dags. 9. júní 2021.
- Minnisblað lögfræðings SHS vegna S-6353/2020, dags. 16. júní 2021.
- Erindisbréf frá forstjóra HMS – stýrihópur um kortlagningu á óleyfisbúsetu, dags. 19. maí 2021.
- Bréf frá HMS um endurskoðun brunavarnaáætlunar SHS, dags. 21. maí 2021.
- Stefna í bráðaðþjónustu og sjúkraflutningum til ársins 2030, dags. janúar 2021.
- Aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðaðþjónustu – drög – til ársins 2025, dags. apríl 2021.
- Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðaðþjónustu – drög – til ársins 2025, dags. 20. maí 2021.
- Sameiginleg umsögn átta slökkviliða sem sinna sjúkraflutningum um aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðaðþjónustu – drög – til ársins 2025, dags. 21. maí 2021.
- Skýrsla heilbrigðisráðherra – fimm ára aðgerðaáætlun heilbrigðisstefnu 2022–2026, 151. löggjafarþing 2020 2021.
- Heilbrigðisstefna, stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030, dagsett í júlí 2019.
- Bréf til SÍ – Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks, dags. 27. apríl 2020.
- Bréf SÓJ til stjórnar – Fyrirspurn um afgreiðslu tillögu um umbun til starfsfólks SHS vegna COVID-19, dags. 9. mars 2021.
- Vatnsskjóllur fyrir þýrlur Landhelgisgæslunnar, dags. 7. maí 2021.
- Minnisblað SHS – Fundargerðir framkvæmdaráðs AHS, dags. 28. maí 2021.
- Traust til stofnana og embætta 2021 – Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., ódags.